

REGLUR

um Þróunarsjóð leikskóla.

1. gr.

Þróunarsjóður leikskóla er á vegum menntamálaráðuneytisins og er veitt í hann fé samkvæmt fjárlögum ár hvert. Auglýsa skal eftir umsóknum í sjóðinn í byrjun árs.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróunarverkefnum í leikskólum landsins. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í leikskólastarfi.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna úthlutunarnefnd til tveggja ára í senn. Í úthlutunarnefnd eiga sæti fulltrúi menntamálaráðuneytisins sem er formaður, fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra leikskólakennara og fulltrúi sem er tilnefndur til skiptis af Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara.

4. gr.

Úthlutunarnefnd fjallar um umsóknir um styrk úr sjóðnum og gerir tillögur til menntamálaráðherra um hvaða verkefni fá styrk og hve háan. Nefndinni er heimilt að leita umsagnar eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á.

Menntamálaráðuneytið leitar umsagnar nefndarinnar um forgangsroðun þróunarverkefna, gerð auglýsinga um styrkveitingar og umsóknareyðublaða. Þá veitir nefndin ennfremur ráðuneytinu umsögn um samninga, samkvæmt 6. gr. reglna þessara.

5. gr.

Sveitastjórnir, leikskólastjórar, leikskólakennarahópar eða einstakir leikskólakennarar geta sótt um styrk úr þróunarsjóði leikskóla. Aðrir geta sótt um styrk með samþykki leikskólastjóra og rekstraraðila. Sækja má um styrk til nýrra verkefna og verkefna sem þegar eru hafin. Styrkumsóknir skulu berast menntamálaráðuneytinu á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókn skal fylgja lýsing á verkefninu og tilgangi þess, áætlun um framkvæmd og áætlun um fjárför. Umsókn skal staðfest af viðkomandi rekstraraðila.

6. gr.

Ráðuneytið og styrkþegi gera skriflegan samning um verkefni sem hlýtur styrk þar sem fram kemur m.a. í hverju verkefnið er fólgið, markmið þess og lýsing á framkvæmd, skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og skil í lok verks. Einnig skal þar tilgreindur heildar fjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 5. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. febrúar 2001.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.